

Því dæmist rjett að vera:
Máli þessu frávíssast. Afrýjandi Eiríkur Fil-
ippusson greiði hinum stefnda Filippusi Fil-
ippussyni 6 kr. í kost og tæringu, er lúkist
innan 8 vikna frá birtingu dóms þessa að
viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 42/1895.

Julius Schau
gegn
hafnarnefnd Reykjavíkur.

D ó m u r :

Hinn 24. febr. 1892 gjörðu aðilar máls þessa Julius steinsmiður Schau og hafnarnefnd Reykja-
víkur samning um byggingu á fremsta parti hafn-
arbyggjunnar í Reykjavík og hækku hennar, og
er aðalinntak samningsins það, er nú skal greina.
Julius Schau tókst á hendur að byggja fremri
hluta byggjunnar og hækka hana, og skyldi hann
vera hlaðinn eingöngu úr grjóti, höggnu og klopnu,
sams konar og í efri hluta hennar, en án stein-
líms. Tvö efstu lögin í hliðarveggjunum áttu að
vera úr svo stóru og vönduðu grjóti, sem unnt
væri að fá, og milli þeirra fyllt upp með grjóti
og mól, og ofan á það skyldi koma steinlag úr
samskonar grjóti og efri hlutinn. Plankar skyldu
festir á ytri brúnir byggjunnar og festarhringir,
eptir því sem nánar er tiltekið í samningnum.
Grjót allt, er til byggjunnar þyrfti, lofaði hafnar-
nefndin að leggja til þar á staðnum. Allt annað

lofaði Schau að leggja til og áskildi sjer 4200 kr. fyrir starf sitt, og skyldu þær greiðast að $\frac{2}{3}$ hlutum smám saman meðan á verkinu stæði, en að $\frac{1}{3}$ hluta að verkinu loknu samkvæmt samningnum. Öllu bryggjusmiðinu skyldi lokið fyrir júlímánaðarlok 1892. Til tryggingar því, að verkið yrði vel og traustlega af hendi leyst, vedsetti J. Schau hafnarnefndinni húseign sína nr. 3 í Bergstadastræti fyrir 3000 kr. upphæð, næst 1000 kr. veðrjetti til landsbankans, með uppfærslurjetti. Skyldi ábyrgð þessi standa í 5 ár frá því bryggjusmiðinu væri lokið að fullu. 5. marz 1894 var, eptir samkomulagi milli hlutadeiganda, gjörð sú breyting á ákvæðum samningsins um vedsetninguna, að veðrjettur hafnarnefndarinnar í húsinu nr. 3 í Bergstadastræti fjell burt, en í stað hans fjekk hafnarnefndin 2. veðrjett í húseign Schaus nr. 12 við Laugaveg, næst eptir 1350 kr. skuld til landsbankans. Svo er að sjá, sem bryggjusmiðinu hafi verið lokið á ákveðnum tíma, og skoðunargjörð fór fram á henni 30. júní 1893, og 24. febr. 1894 ritaði formaður hafnarnefndarinnar áteiknun á samnings-eintak Jul. Schau þess efnis, að hann hefði hladið upp og lengt hafnarbryggjuna samkvæmt því, sem tilskilið var í samningnum.

Hinn 28. des. 1894 atvikaðist það, að hafnarbryggjan varð fyrir töluverðum skemmdum af brimróti. Hafnarnefndin fór þess þá á leit við Schau, að hann bætti skemmdirnar á bryggjunni upp á eigin kostnað, en hann neitaði að taka nokkurn þátt í endurbótunum. Var honum samt falið

að bæta bryggjuna, og gjörði hann það að nokkru leyti og gaf, 24. jan. 1895, hafnarnefndinni reikning yfir kostnaðinn, og ávísaði formaður nefndarinnar honum upphæðinni 309 kr. 78 a., að geymdum rjetti til endurgjalds eptir dómi. Höfðaði þá hafnarnefndin mál gegn Júl. Schau, til þess að fá hann dæmdan til að endurgreiða áfallinn kostnað við aðgjörð bryggjunnar, áminnstar 309 kr. 78 a., og ennfremur til að umbæta á eigin kostnað þær skemmdir, sem enn væru óviðgerðar, svo og málskostnað. Með dómi bæjarþingsrjettar Reykjavíkur, uppkveðnum 15. ágúst f. á., var Júl. Schau dæmdur til að endurgreiða hafnarnefnd Reykjavíkur kr. 309,78, sömuleiðis til að endurbæta á eigin kostnað skemmdir þær á hafnarbryggjunni, sem enn væru óviðgjörðar, að viðlögðum 10 kr. dagsektum, og ennfremur 100 kr. málskostnað. Dómi þessum hefir Júl. Schau áfrýjað til yfirdómsins með stefnu dags. 5. sept. f. á., og gjört þær rjettarkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi felldur og áfrýjandi verði algjörlega sýknaður af kröfum stefndu, eða til vara, að málskostnaður fyrir undirdómi verði látinn falla niður og að stefndu verði dæmdir til að greiða honum málskostnað fyrir undir- og yfirdómi með nægilegri upphæð. Á hinn bóginn hafa stefndu krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað með 60 krónum.

Hin fyrsta ástæða, er áfrýjandi telur sjer til sýknar, er sú, að vottorð það, er formaður hafnarnefndariunnar ritaði á samningseintak áfrýjanda

þ. 24. febr. 1894 í sambandi við skoðunargjörðina, er fram fór 30. júní 1893, verði að álitast eins og fullkomin kvittun fyrir því, að bryggjusmiðid væri að öllu leyti leyst af hendi samkvæmt bryggju-byggingarsamningnum, og væri áfrýjandi laus allra mála, einnig hvað ábyrgðina snerti. Þaræð það nú virðist liggja í málfærslu partanna við undirrettinn, að áfrýjandi fyrst eptir áður nefnda skoðunargjörð og áteiknun hafi fengið þann $\frac{1}{3}$ hluta hins umsamda kaups, sem hann, samkvæmt 2. gr. bryggjusamningsins, hafði rjett til »að verk-inu loknu samkvæmt þessum samningi«, þá er það í sjálfu sjer ólíklegt, að uppáteiknunin einnig feli í sjer kvittun fyrir ábyrgðinni og veðsetningunni í 5. gr. samningsins, þar sem hún ekki beinlínis tilgreinir að svo skuli vera, og móti því, að þetta hafi verið skilningur áfrýjanda, mælir það atriði, að nokkru seinna en uppáteiknunin var gefin, nefnilega 5. marz s. á., gjörðist breyting á veði því, er áfrýjandi samkvæmt 5. gr. samningsins átti að setja, en varla mundi sú breyting hafa orðið, ef áfrýjandi hefði álitid sig lausan við á-byrgðina við uppáteiknunina 24. febr. s. á. Verður því ástæða þessi ekki tekin til greina.

Þá heldur áfrýjandi því fram, að ábyrgð sú og veð, er hann í 5. gr. samningsins setur fyrir því, að verkið sje vel og traustlega af hendi leyst, geti ekki skilizt öðru vísi en sem ábyrgð fyrir að vinna hans á bryggjunni verði samningi samkvæm; en nú hafi stefndu samkvæmt 2. gr. samningsins átt að leggja til grjótið í bryggjuna, en grjótið,

sem þeir lögðu til, hafi, að hans áliti, verið ofsmátt höggvið, og hafi hann kvartað yfir því við nefndina, en enga leiðrjettingu fengið, og hafi því orðið að byggja úr því, sem honum var fengið. Skoðunargjörðin 30. júní 1893 beri það með sjer, að skoðunarmennirnir hafi álitið, að vinnan á bryggjunni væri vel af hendi leyst, en grjótið væri í smærra lagi. Þess vegna sje auðsætt, að skemmdirnar, sem urðu á bryggjunni 28. des. 1894, geti alls eigi talizt honum til ábyrgðar, þar eð vinna hans, sem hann að eins hafði ábyrgð á, eptir skoðunargjörðinni hafi verið samningi samkvæm. Að ákvæði 5. gr. samningsins, um veð það, er áfrýjandi skuldbatt sig til að setja til tryggingar verkinu, eigi að eins við vinnu hans á bryggjunni, verður eigi fallizt á, því þegar ekki öðru vísi er til tekið, liggur beinast við, og er almennum skilningi samkvæmt, að leggja þá þýðingu í ákvæði áminnstrar greinar, að áfrýjandinn ábyrgist að bryggjan, eins og hún kemur fullgjörð frá hans hendi, sje vel gjörð og traustlega, og virðast því ákvæði 2. gr. samningsins, um það að stefndu legðu til grjótið, eigi geta valdið því, að ábyrgð áfrýanda falli burt, þó grjótið hafi verið ofsmátt höggvið, því álita verður, að hann, þegar hann sá að ekki mundi vera hægt að byggja traustlega úr því, hefði getað neitað að byggja úr öðru grjóti en því, sem hann áliti hæfilega stórt til þess að hann gæti tekið á sig ábyrgð þá, er 5. gr. samningsins ákveður, en eptir því, sem fram hefir komið í málinu, virðist hann eigi hafa gjört það. Af

Þessu leiðir, að skoðunargjörðin 30. júní 1893 eigi getur losað áfrýjanda við optnefnda ábyrgð.

En þótt framangreindar ástæður eigi virðist geta leitt til sýknunar áfrýjanda fyrir kröfum hinnar stefndu hafnarnefndar, kemur enn til álíta sú ástæða áfrýjanda, að veður það og sjávargangur, sem olli skemmdum á bæjarbryggjunni 28. desbr. 1894, hafi verið svo óvanalegt og stórfengilegt, að honum aldrei hafi getað komið til hugar að taka ábyrgð á bryggjunni fyrir slíku ofurefli náttúrunnar, og að ábyrgð hans fyrir þá sök hljóti að falla burtu. Það verður að álíta það alkunnugt (nótórískt) og styðst einnig við ómótmæld vottorð 3 hjer búandi manna, að brimið og sjávargangurinn hafi hinn umgetna dag verið óvenjulega mikið og meira en elztu menn rekur minni til, og miklar líkur eru þar að auki komnar fram fyrir, að sjórinn hafi haft sjer til aðstoðar fleka og trjáviði, er bárust úr hinum öðrum bryggjum, sem brotnuðu, til að vinna á hafnarbryggjunni. Þegar nú þess er gætt, að áfrýjandi að eins hefir tekið ábyrgð á því, að verk hans væri vel og traustlega af hendi leyst, og að ekki er hægt að álíta, að áfrýjandi, er hann ábyrgðist að bryggjan væri vel og traustlega gjörð, hafi viljað ábyrgjast hana eða hafi ábyrgzt hana fyrir hverju ofsa-brimróti, er fyrir gæti komið, heldur að eins fyrir þeim brimum, sem vanalega koma fyrir hjer á vetrum og menn mega við búast, þá verður ekki álitid, að næg sönnun sje komin fram fyrir því, að verk áfrýjanda við bæjarbryggjuna hafi ekki verið vel og

traustlega af hendi leyst, þótt bryggjan laskaðist í því fádæma brimróti, sem hjer var 28. desbr. 1894, og ber því í þessu máli að sýkna áfrýjanda af kærnum og kröfum hafnarnefndarinnar í Reykjavík. Málskostnaður fyrir báðum dómum virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandi, Júlíus steinsmiður Schau, á í þessu máli að vera sýkn af kærnum og kröfum stefnda, hafnarnefndar Reykjavíkur.

Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Mánudaginn 2. marzmán.

Nr. 3/1896.

Hið opinbera
gegn

Jóni Hanssyni.

D ó m u r:

Með lögreglurjettardómi Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 3. desbr. f. á., var hinn kærði Jón Hansson, 16 ára gamall unglingspiltur hjer í bænnum dæmdur fyrir æðarfulgsdráp samkvæmt tilsk. um veiði á Íslandi 20. júní 1849, 11. gr. í 1 kr. sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur og samkvæmt viðaukalögum nr. 15, 22. marz 1890, 1. gr., í 10 kr. sekt, er að $\frac{1}{3}$ renni í bæjarsjóð Reykjavíkur en að $\frac{2}{3}$ til uppljóstarmanns, Teits bónda Jónssonar í Viðey. Svo skyldi hann og greiða allan